

Um réttarstöðu hafnsögumanna vísast til laga um leiðsögu skipa nr. 34/1993 með síðari breytingum og reglugerðar um leiðsögu skipa nr. 320/1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. hafnalaga nr. 23, 29. mars 1994 með síðari breytingum og 3. mgr. 7. gr. laga um leiðsögu skipa nr. 34 27. apríl 1993, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 25. febrúar 1999.

Halldór Blöndal.

Jóhann Guðmundsson.

9. mars 1999

Nr. 169

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík, Eiríksgata 5.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 15. desember 1998 breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts samþykktu 25. júní 1996, hvað varðar lóðina Eiríksgata 5.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 25. júní 1996.

Reykjavík, 9. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

8. mars 1999

Nr. 170

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 113/1995, um skattfrelsi norrænna menningarverðlauna.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tölul. svohljóðandi: Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, sbr. 64. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 8. mars 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.